

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 294/1993

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir, settur saksóknari)

gegn

Eyjólfi Matthíassyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Umboðssvik. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1993 til þyngingar á refsingu ákærða. Einnig var málinu áfrýjað af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar meðákærðu í héraði, en fallið var frá málsókn gegn henni með bréfi ríkissaksóknara 3. febrúar 1994.

I.

Ákærði og eiginkona hans hófust handa um innheimtu víxils þess, sem lýst er í ákæru og héraðsdómi, í apríl 1991 með kröfu um lög-hald. Hinn 9. apríl var gert lög-hald í Vagnhöfða 17 og Fannafold 186, eignum Jóhannesar. Við framkvæmd gerðarinnar var á það bent af lögmanni Jóhannesar, að umræddur víxill væri ranglega útfylltur hvað varðaði dagsetningar og fjárhæð. Mál til staðfestingar lög-haldinu var höfðað með stefnu 10. apríl 1991, og var dómur kveðinn upp í því 20. nóvember sama ár, þar sem Jóhannesi Vilhjálms-syni og einkafyrirtæki hans, Hellu- og steinsteypunni, var gert að greiða ákærða og eiginkonu hans víxilfjárhæðina, 12.000.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum og 781.052 krónum í málskostnað. Á grundvelli þessa dóms var krafist uppboðs á áður nefndum fasteignum. Samkvæmt upplýsingum í bréfi lögmanns ákærða, Steingríms Þormóðssonar héraðsdómslögmanns, til sýslumannsins í Reykjavík 24. júlí 1992 var fasteignin Vagnhöfði 17 seld á nauðungaruppboði 22. apríl 1992, án þess að nokkuð kæmi upp í kröfu ákærða. Fasteignin Fannafold 186 hafi verið seld á nauðungaruppboði 4. maí sama ár, og hafi þá komið u.þ.b. 150.000 krónur upp í kröfu ákærða. Í bréfi þessu, þar sem lögmaðurinn krafðist enn fjárnáms hjá Jóhannesi og

Hellu- og steinsteypunni, sagði og, að krafan hefði hinn 7. janúar 1992 verið „vel yfir“ 16.000.000 króna, en tekið var fram, að einungis væri beðið um fjárnám fyrir 8.000.000 króna. Árangurslaust fjárnám fór fram 25. september 1992, og í framhaldi þess var af hálfu ákærða og eiginkonu hans krafist gjaldprotaskipta á búi Jóhannesar Vilhjálmssonar með bréfi 20. október sama ár. Hefur því máli verið frestað.

II.

Í hinum áfrýjaða dómi er greint frá því, sem fram hefur komið í málinu um samstarf ákærða og Jóhannesar Vilhjálmssonar á árunum 1989 og 1990. Óumdeilt er, að upp úr þessu samstarfi slitnaði um áramót 1990 og 1991. Ágreiningur hafði þá verið uppi milli þeirra um nokkurt skeið, meðal annars um kröfur ákærða vegna útlagðs kostnaðar og vinnu, sem hann taldi sig hafa innt af hendi í þágu einkafyrirtækis Jóhannesar, Hellu- og steinsteypunnar. Var þessi ágreiningur óútkljáður, er upp úr samstarfinu slitnaði.

Ákærði kveður Jóhannes Vilhjálmsson hafa afhent sér víxileyðublað það, sem ákæra máls þessa fjallar um, snemma árs 1990. Hafi víxillinn átt að vera til tryggingar skuld Jóhannesar og Hellu- og steinsteypunnar við ákærða. Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi í ársbyrjun 1991 sett á víxilinn dagsetningar og fjárhæð eins og lýst er í ákæru. Fjárhæðin, 12.000.000 krónur, hafi verið byggð á samantekt löggilts endurskoðanda á gögnum frá ákærða um skuld Jóhannesar og verið sett á víxilinn án samráðs við hann.

Ljóst er af þessu svo og öðrum gögnum og framburði í málinu, að í ársbyrjun 1991, er ákærði fyllti út víxilinn eins og að framan greinir, lá ekkert samkomulag fyrir milli þeirra Jóhannesar um uppgjör. Fátt liggur og fyrir um viðræður þeirra á milli um þessi mál annað en hugmynd að samkomulagi, er lögmaður ákærða lagði fram í júlí 1989 og var eingöngu undirritað af ákærða. Ekki er við önnur gögn að styðjast um laun og bifreiðakostnað, er ákærði ætti rétt á vegna áranna 1989 og 1990, en fullyrðingar og útreikninga hans sjálfs, en samtals nema þessir tveir liðir 7.653.350 krónum í samantekt endurskoðandans. Hvorki þessi fjárhæð né aðrar, sem að baki víxilfjárhæðinni lágu, voru bornar undir Jóhannes. Verður að telja, að ákærða hafi við þessar aðstæður með öllu verið óheimil sú meðferð

víxileyðublaðsins, sem hann viðhafði, og gat honum ekki dulist það. Með útfyllingu víxilsins og síðari hagnýtingu hans, sbr. það, sem fyrir var rakið í kafla I, misnotaði ákærði gróflega aðstöðu sína, og ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdómara, að atferli þetta varði við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar lítið er til þessa og þeirra afdrifaríku afleiðinga, sem verkn-
aður ákærða hafði í för með sér fyrir brotaþola, og haft í huga, að hann hefur tvívegis áður gerst sekur um auðgunarbrot, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði. Rétt er að fresta skilorðs-
bundið fullnustu 9 mánaða af refsingunni, eins og nánar segir í dómsorði.

Staðfest er málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, og dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Eyjólfur Matthíasson, sæti fangelsi 12 mánuði. Fresta skal fullnustu 9 mánaða af refsingunni og hún falla nið-
ur að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/
1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlög-
manns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí 1993.

Ár 1993, föstudaginn 28. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdóm-
ara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 207/1993: Ákærvaldið gegn Eyj-
ólfi Matthíassyni og S, sem tekið var til dóms 7. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dag-
settu 23. mars sl., á hendur ákærðu, Eyjólfí Matthíassyni múrara, fæddum 1.
mars 1948, fæðingarnúmer 293 og S[...], [...], báðum að Rauðagerði 48 í
Reykjavík.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu fyrir umboðssvik. Er sakargiftum síðan lýst á þessa leið í ákæru:

„Ákærðu er bádum gefið að sök að hafa í febrúarmánuði 1991, eftir að ákærði Eyjólfur hafði fengið í hendur frá Jóhannesi Vilhjálmsyni, kt. 060436-2904, víxileyðublað frá Landsbanka Íslands, áritað af nefndum Jóhannesi persónulega sem útgefanda og framseljanda og áritun hans um samþykki fyrir hönd einkafyrirtækis hans, Hellu- og steinsteypunnar, Vagnhöfða 17, Reykjavík sem greiðanda, misnotað aðstöðu sína sem handhafar víxileyðublaðsins sjálfum sér til ávinnings og víxilskuldara til tjóns, með því að hafa heimildarlaust og án vitundar víxilskuldara fyllt eða látið fylla það út með fjárhæðinni kr. 12.000.000, útgáfudegi 1. febrúar 1990 og gjalddaga 1. janúar 1991, og hefjast þegar handa um innheimtu víxilsins með kröfu um löghald í eignum víxilskuldara“.

Í ákærunni eru sakargiftirnar taldar varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar fyrir framangreint brot sitt eins og það er orðað í ákæru.

Málavextir.

Hinn 11. apríl 1991 kærði Skúli Sigurðsson héraðsdómslögmaður f. h. Jóhannesar Vilhjálmssonar ákærða Eyjólf Matthíasson fyrir tilraun til auðgunarbrots vegna meðferðar hans á víxli þeim, sem um alla gerð er rétt lýst í ákæru, en lögmaður ákærða, Steingrímur Þormóðsson héraðsdómslögmaður, hafði hinn 8. apríl krafist löghalds á eignum Jóhannesar og næsta dag fengið gert löghald í eignarhlutum hans í fasteignunum Fannafold 186 og Vagnhöfða 17 vegna víxilkröfunnar.

Jóhannes Vilhjálmsson hafði rekið einkafirmað Hellu- og steinsteypuna að Vagnhöfða 17 í Reykjavík, en ákærði, sem er múrarmeistari, hafði rekið fyrirtækið Múrafl hf., sem hafði orðið gjaldþrota.

Síðast á árinu 1988 hófst samvinna á milli ákærða og Jóhannesar, en til stóð að hefja rekstur fyrirtækis um framleiðslu á byggingareiningum úr plasti.

Ákærði og Jóhannes gerðu ekki samstarfssamning sín á milli og það, sem gert var, fór að mestu fram í nafni Hellu- og steinsteypunnar, sem lagði fram, að því er talið var, umtalsvert fjármagn og bar að mestu leyti ábyrgð á þeim skuldbindingum, sem stofnað var til.

Ákærði lagði fram verkþekkingu sína, vinnu og kostaði utanlandsferðir. Ákærða S, eiginkona ákærða, mun hafa lánað nafn sitt til að útvega víxillán í viðskiptabanka sínum.

Nokkur umboð voru fengin og framleiðsluleyfi, bæði fyrir einangrunarkerfið Argisol og fyrir efnum og aðferðum til vinnslu.

Fyrirtækið Argisol-byggingarkerfi hf. var stofnað 1. desember 1989, en ekki skráð fyrr en 30. janúar 1990. Var ætlunin, að það yfirtæki allan rekstur á framleiðslu byggingareininganna Af því varð ekki og flest, sem var gert árið 1990, var í nafni Hellu- og steinsteypunnar.

Í stofnsamningnum segir, að tilgangur félagsins sé framleiðsla á einangrandi byggingamótum og öðrum hlutum til byggingar húsa og innflutningur á eignum til múrhúðunar húsa og annarra byggingarefna, kaup og sala fasteigna og lánastarfsemi. Hlutfé er tilgreint 6.000.000 krónur og Jóhannes Vilhjálmsson, ákærða og fjórir aðrir aðilar taldir stofnendur, Jóhannes og ákærða hvort um sig skrifað fyrir hlutfé að fjárhæð 2.880.000 krónur, en hinir fjórir aðilarnir hver um sig fyrir 60.000 krónum.

Samstarfi ákærða og Jóhannesar lauk í lok ársins 1990, og í júlí 1991 voru þeir yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglu, og komu fram hjá þeim mismunandi skýringar á því, sem þeim hafði farið á milli vegna samstarfsins.

Ákærði kvaðst hafa fengið víxilin í byrjun febrúar 1990 sem tryggingu fyrir kostnaði, sem hann hefði lagt út fyrir við undirbúning og framleiðslu á einangrunarefni Argisol-kerfisins, en hann neitaði að svara því, hvort víxillinn hefði verið útfylltur með útgáfudagsetningu, gjaldþaga og upphæð, þegar hann fékk hann í hendur.

Ákærði sagði, að samvinna þeirra Jóhannesar hefði byrjað árið 1988 og hefði hann farið til útlanda oft en einu sinni á eigin kostnað og unnið við framleiðsluna árið 1990 fullt ársstarf án þess að fá nokkurt kaup greitt, og hefðu allar greiðslur runnið til Hellu- og steinsteypunnar hf. Hefði Jóhannes lofað að flytja starfsemina yfir á nafn Argisol-byggingarkerfis hf., en aldrei látið verða af því. Ákærði kvað S engan víxil hafa fengið frá Jóhannesi og sjálfur hefði hann aðeins tekið við einum víxli frá honum á árinu 1991, en sá víxill hefði verið notaður til framlengingar á víxli í Íslandsbanka, sem ákærða hefði síðan leyst til sín í júlí 1991.

Jóhannes sagði við rannsóknina, að ákærði hefði ekki fengið neinn tryggingarvíxil árið 1990, en hins vegar hefði hann fengið tvo víxla í febrúar 1991, annan til framlengingar víxlinum í Íslandsbanka, en hinn til tryggingar fyrir ákærðu til að reyna að losa hana undan ábyrgðum, svo að víxillinn í Íslandsbanka yrði aðeins á sínum vegum.

Hvorki ákærði né Jóhannes gat bent á neitt til staðfestingar framburði sínum og ekkert samræmi náðist við samprófun. Var aðilum tilkynnt, að rannsóknarlögreglu hefði ekki tekist að sanna, að um refsiverðan verknað hefði verið að ræða, og ekki þættu efni til frekari rannsóknar.

20. nóvember 1991 fengu ákærðu dóm fyrir víxlinum og staðfest áðurgreint löghald, og í apríl og maí 1992 voru eignir Jóhannesar seldar nauðungarsölu.

24. júlí sl. óskuðu ákærðu eftir fjárnámi hjá Jóhannesi og Hellu- og steinsteypunni hf. vegna 8.000.000 króna, sem voru rúmlega helmingur af kröfunni, sem höfð var uppi í ársbyrjun.

Í október sl. gerðu ákærðu kröfu um, að bú Jóhannesar yrði tekið til gjaldþrotaskipta vegna þessarar kröfu.

Með bréfi, dagsettu 11. maí f. á., til ríkissaksóknara sendi Jónatan Sveinsson hrl. beiðni þess efnis, að fram færi opinber rannsókn á ætluðum umboðssvikum ákærðu vegna umrædds víxils. Þessi rannsóknarbeiðni var send Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi, dagsettu 15. maí f. á.

Rannsóknarlögreglan tók málið á ný til rannsóknar og hélt ákærði við fyrri framburð, að hann hefði fengið víxilinn sem tryggingu í febrúar 1990. Hins vegar bar ákærði nú, að eyðublaðið hefði ekki verið útfyllt með dagsetningu, gjalddaga eða upphæð, þegar hann fékk það í hendur. Ákærði lagði líka fram lista yfir kostnaðinn, sem lægi að baki fjárhæð víxilsins, og sagði hann gerðan í ársbyrjun 1991. Þá lagði ákærði fram ljósrit af fylgiskjölum varðandi þennan kostnað. Ekki kvaðst ákærði vita, hvers vegna hann hefði ekki lagt þessi gögn fram við síðustu yfirheyrslu, sem fram fór sex mánuðum eftir gerð listans. Ekki kvaðst ákærði muna, hvort eitthvað hefði verið rætt um útreikning upphæðar víxilsins og sagði, að ekkert hefði verið rætt um dagsetningu eða gjalddaga hans, enda hefðu þeir ekki talið þess þörf, þar sem aldrei hefði staðið til, að víxillinn yrði notaður.

Stærsti liðurinn á kostnaðarlistanum var launakrafa að fjárhæð rúmlega 6 milljónir, en ákærði sagði þá Jóhannes hafa gert með sér samkomulag um þessi laun nálægt janúar 1989. Eru reiknaðar 250.000 krónur í grunnlaun á mánuði fyrstu tvo mánuði ársins 1989 og síðan bætt við vísitöluálagi, svo að launin eru reiknuð 292.250 krónur fyrir síðustu mánuði ársins 1990. Þá lýsti ákærði því yfir, að ákærða hefði greitt með innlögn á tékkareikning inn á hlutafé í nýja félaginu og greiðslu á kostnaði við skrásetningu þess. Þetta hefði ákærða greitt að hluta með eigin fé og að hluta með því að greiða víxil að fjárhæð 1,5 milljónir í Íslandsbanka. Enn sagði ákærði, að þeir Jóhannes hefðu samið um bifreiðastyrk ákærða til handa snemma á þessu tímabili og væri þetta raunverulegur akstur eða 2000 km á mánuði, sem væri eins konar meðaltal af því, sem ekið hefði verið. Þá gerði ákærði grein fyrir ýmsum öðrum liðum á kostnaðarlistanum.

Samkvæmt svokölluðu samkomulagi á milli ákærða og Jóhannesar og Hellu- og steinsteypunnar, sem dagsett er 14. júlí 1989 og áritað af ákærða, skuldbatt Jóhannes sig f.h. Hellu- og steinsteypunnar til að gera ákærða að 20% eignaraðila í Hellu- og steinsteypunni gegn því, að ákærði greiddi 2.000.000 króna til fyrirtækisins. Þá skyldi framlag ákærða samkvæmt

fylgiskjali með samkomulaginu og reynsla hans og hugmyndir varðandi þau efni, sem aðilarnir ætluðu að flytja inn og framleiða, metin á 3.000.000 krónur.

Í framangreindu samkomulagi kemur fram, að ákærði eigi rétt á kaupum samkvæmt texta Múrarafélags Reykjavíkur frá Hellu- og steinsteypunni frá áramótum 1988/1989, þar til gerður yrði við hann vinnusamningur, og skyldi miða við 8 tíma dagvinnu og 2 tíma eftirvinnu. Þá ætti ákærði rétt á greiðslu frá Hellu- og steinsteypunni vegna ferða sinna erlendis, sem farnar hefðu verið á vegum hennar, og upphalds þar í þágu þess rekstrar, sem aðilarnir hygðust koma á fót. Skyldi ákærði eiga rétt á því, að þær fjárhæðir, sem út úr þessu kæmu, yrðu reiknaðar sem framlag hans til rekstrarins. Í samkomulagi þessu voru ýmis fleiri ákvæði, sem ekki þykir ástæða til þess að gera sérstaka grein fyrir.

Ákærði sagði, að lækkun kröfunnar í 8 milljónir væri gerð til þess, að krafan yrði ekki rengd fyrir fógetaréttinum, og að krafan um gjaldþrot Jóhannesar væri til þess að fá rannsókn á fjármagnsstreymi hjá fyrirtækjunum Argisol og Hellu- og steinsteypunni.

Ákærða staðfesti við rannsóknina, að ákærði hefði fengið víxillinn um mánaðamótin janúar/febrúar 1990, en hún vissi ekki, hvernig hann var útfylltur, því að hann hefði verið í umslagi, sem hún hefði geymt í bankahólfu sínu. Sagði ákærða, að víxillinn hefði verið útfylltur á vegum hennar og ákærða eftir útreikningi á vinnu ákærða og kostnaði hennar og ákærða. Kvaðst ákærða ekkert vita um útreikning á upphæð víxilsins né heldur vissi hún, hvernig launaupphæð ákærða eða bifreiðastyrkur hefði verið ákveðið.

Ákærða sagði, að krafa um gjaldþrotaskipti á búi Jóhannesar hefði verið sett fram til þess að fram færi rannsókn á búi Jóhannesar, m. a. til þess að upplýsa um ráðstöfun á 10-20 milljón króna láni.

Jóhannes hélt við þessa síðari rannsókn fast við fyrri skýringar um tilkomu víxilsins og sagði, að hann hefði í raun verið tómt rugl og tryggingin óþörf, en ákærði hefði viljað hafa þetta svona og þá hefði verið friður á milli þeirra og hefði hann viljað halda þann frið.

Jóhannes taldi, að kostnaður ákærða og vinnuframlag hefði verið miklu minna en ákærði segði, og hafnaði hann fjárhæð launa og bifreiðastyrks sem fjarstæðu.

Jóhannes kvaðst ekki muna, hvort ákærða hefði greitt víxillinn í Íslandsbanka, að fjárhæð 1,5 milljónir, en um hefði verið að ræða mikla víxlasúpu, og auk víxlanna í Íslandsbanka hefðu þau einnig verið með víxla í Landsbankanum, þar sem ákærða hefði undantekningarlítið verið samþykkjandi og greiðandi.

Lögmaður ákærðu, Steingrímur Þormóðsson héraðsdómslögmaður, hafnaði að mæta sem vitni við rannsóknina, en endurskoðandi ákærða, Guðmundur Hannesson, kannaðist við að hafa gert áðurgreindan tölvulista, en fyrir svo löngu, að hann gæti ekki slegið því föstu, hvenær það hefði verið gert, en þó hefði það sennilega verið gert á fyrstu mánuðum ársins 1991 og hefði listinn verið gerður eftir fylgiskjölum og upplýsingum frá ákærða.

Samkvæmt niðurstöðu þessarar rannsóknar var framburður Jóhannesar nær óbreyttur frá fyrri rannsókn, en ákærði hafði breytt framburði sínum í veigamiklum atritum eins og fram er komið, en ekki skýrði hann, hvers vegna hann hefði ekki komið með þau svör, sem hann gaf við síðari rannsóknina, strax við hina fyrri, svo og lagt fram í fyrra skiptið þau gögn, sem hann lagði fram við síðari rannsóknina.

Niðurstöður.

Sannað er með framburði ákærða og Jóhannesar Vilhjálmssonar, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, að Jóhannes afhenti ákærða margnefnt víxileyðublað með nafnritun sinni sem samþykkjanda vegna fyrirtækisins Hellu- og steinsteyppunnar hf. og útgefanda persónulega, en að öðru leyti óútfyllt. Þá er með sama hætti sannað, að eyðublaðið var afhent í tryggingarskyni, en ósannað er, hvort sannara sé, sem ákærðu halda fram eða Jóhannes um ástæðu og tímasetningu afhendingarinnar, og verður engu slegið föstu um það í máli þessu. Þá er sannað með framburði ákærða og Jóhannesar, að ekkert var við afhendingu blaðsins rætt um, hvernig að því skyldi staðið að fylla það út, ef á það reyndi, að slíkt yrði gert. Hins vegar er ljóst, að þar sem eyðublaðið var afhent í tryggingarskyni, mátti Jóhannesi vera ljóst, að til þess gæti komið, að það yrði fyllt út og gert að víxli, sem innheimta mætti með venjulegum hætti með málsókn eins og gert var.

Ljóst er, að ákærðu og þá sérstaklega ákærða og Jóhannes greinir mjög á um það, hvernig mál hafi staðið í sambandi við uppgjör þeirra sín á milli, og fram er komið, að um það hafði verið rætt að ganga frá þeim málum, áður en til þess kom, að víxillinn var búinn til.

Það er mat dómsins, að eins og málefnum ákærða og Jóhannesar var háttað, þegar víxillinn var búinn til, hafi Jóhannesi verið með öllu óljóst, hverjar kröfur ákærðu á hendur honum hafi verið. Er einnig leitt í ljós, að ákærðu lögðu ekki fyrir Jóhannes neina formlega sundurliðun á kröfum þeim, sem þau töldu sig eiga á hendur honum, áður en ákærði fyllti út víxileyðublaðið. Þá er ljóst, að launakrafa sú, sem myndar stærstan hluta víxil-

fjórðarinnar, er ekki, að séð verður, í samræmi við þau kjör, sem um er rætt í áðurgreindu samkomulagi.

Dómurinn telur af öllu því, sem fram er komið og rakið hefur verið, hafa verið óheimilt að fylla út víxileyðublaðið með þeirri fjárhæð, sem gert var, og sé augljóst, að í því efni hafi verið farið langt út fyrir það, sem eðlilegt gat talist. Þar sem hér var um feikiháa fjárhæð að ræða bar að hafa samband við Jóhannes og gera honum grein fyrir, hvað til stæði í þessu efni, og gefa honum kost á því að taka afstöðu til þeirrar fjárhæðar, sem til stóð að nota. Þetta var ekki gert, og telur dómurinn að með því hafi verið framin umboðssvik, enda óhugsandi, að nafnritun Jóhannesar á eyðublaðið hefði farið fram, ef honum hefði komið til hugar, að það yrði fyllt út með 12.000.000 króna. Hafa því verið framin umboðssvik með því að útbúa umræddan víxil og að framvísa honum til greiðslu.

Fram er komið, að það var ákærði Eyjólfur, sem stóð í einu og öllu að gerð víxilsins án þess að hafa um það samráð við ákærðu S, enda þótt allar innheimtuaðgerðir hafi farið fram í nafni beggja. Þykir ósannað, að hlutur ákærðu S í gerð víxilsins og innheimtu hans sé með þeim hætti, að hún hafi með því sjálf gerst sek um umboðssvik, og þykir því bera að sýkna hana af því, sem henni er gefið að sök í ákæru, en brot ákærða Eyjólfss þykir varða við 249. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákvörðun refsingar frestað á hendur honum skilorðsbundið til 2 ára hinn 15. júní 1978 vegna brots á 248. gr. almennra hegningarlaga. Þá var hann dæmdur 16. júní 1989 í 30 daga skilorðsbundið fangelsi í 1 ár fyrir brot á 247. gr. almennra hegningarlaga. Öðrum refsingum hefur ákærði ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði, og þar sem nær 4 ár eru liðin, síðan ákærði hlaut framangreindan skilorðsdóm og stóðst skilorð hans, og að ákærði virðist hafa trúað því, að honum væri heimilt að útbúa áðurgreindan víxil hinnar háu fjárhæðar, þykir eftir atvikum mega ákveða að fresta skuli fullnustu refsingar hans og niður skuli hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða sakarkostnað. Skal ákærði greiða skipuðum verjanda sínum, Einari Gauti Steingrímssyni héraðsdómslögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun og 30.000 krónur í saksóknarlaun

til ríkissjóðs. Annar sakarkostnaður skal greiðast að hálfu af ákærða, en að hálfu úr ríkissjóði. Þá skulu greiðast úr ríkissjóði 60.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Símonar Ólasonar héraðsdómslögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði Eyjólfur Matthíasson sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða S er sýknuð af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Ákærði greiði skipuðum verjanda sínum, Einari Gauti Steingrímsyni, héraðsdómslögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun og 30.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs. Þá greiði ákærði annan sakarkostnað að hálfu, en hann greiðist að hálfu úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Símonar Ólasonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
